

Ed.

351. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Sé barnsfúlga sú, sem barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni, samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, stað-

festum af valdsmanni, ekki greidd á réttum eindaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá eindaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýringu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Meðlagið telst sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

31. gr. laganna orðist þannig:

Nú liður meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. gr. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

3. gr.

Lög nr. 15, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Við 1. gr.

Breyting sú, sem 1. gr. frv. fer fram á, er að felldur sé úr 26. gr. laga nr. 15, 31. maí 1927, þessi kafli:

Þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, sem barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafar með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðlag við aldur barna, hinn sama á öllu landinu, —

og þar með numið úr gildi það ákvæði, að dvalarsveit óskilgetins barns beri aldrei að greiða meira en meðalmeðlag, eins og það er ákveðið fyrir hvern þriggja ára tíma; en hinsvegar gert skylt að greiða meðlagið samkvæmt því, sem ákveðið er í meðlagsúrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni.

Þar sem meðlagsúrskurður ákveður oft aðra upphæð meðlags en hið lögákvarðaða meðalmeðlag, virðist ranglátt að einskorða meðlag, sem greitt er af dvalarsveit barns fyrir hönd barnsföður, við meðalmeðlag. Hitt er rétt-

látara, að fylgja þar eins og jafnan, er meðlagsúrskurður liggur fyrir, því ákvæði, sem í honum er sett um meðlagsupphæðina.

Við 2. gr.

Fresturinn á greiðslu á barnsfararkostnaði frá dvalarsveit er aðeins 6 mánuðir, en þar sem barnsfaðernismál má höfða innan árs frá fæðingu barnsins, og það dregst oft að höfða slík mál, þó að vist sé um faðernið, vegna þess að margar stúlkur leita ekki aðstoðar yfirvaldanna fyrr en í síðustu lög, þá hefir mæðrastyrksnefndin, en að hennar tilhlutan er frv. borið fram, orðið þess vör, að alloft fæst barnsfararkostnaðurinn ekki greiddur, af því að ekki er snúið sér til sveitarinnar fyrr en 6 mánaða fresturinn er liðinn. Virðist því hentugra, að sami frestur gildi um greiðslu á barnsfararkostnaði af sveitarfé og gildir um höfðun barnsfaðernismáls.